



### Fundargerð

Mánudaginn 24. ágúst 2009 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólafjónustu A-Hún kl. 14.00 í fundarsal HSB á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Rafn Sigurbjörnsson, Auður H. Sigurðardóttir og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Ársreikningur 2008

Fyrir fundinum lá ársreikningur Félags- og skólafjónustunnar fyrir árið 2008.

Ársreikningurinn tekur til reksturs félagsfjónustunnar allt árið en einugis fyrir hálfri rekstraárið vegna annarra þátta þar sem skólafjónusta og málefni eldri borgara voru sameinaðir félagsfjónustunni á miðju ári.

Heildartekjur samstæðunnar námu 118.239 þús. og rekstrarkostnaður var 108.347 þús. vaxtagjöld voru 600 þús og rekstrarniðurstaða því jákvæð um 9.292 þús.

Ársreikningur var samþykktur og áritaður.

#### 2. Húsnæðismál Félags- og skólafjónustu.

Stjórnin ásamt Einari Óla Fossdal og Valbirni Steingrímssyni skoðuðu þann hluta af húsnæði HSB sem hefur verið leigður undir tannlækni undanfarin ár í þeim tilgangi að leggja mat á hvort húsnæðið henti fyrir starfsemi félags- og skólafjónustunnar.

Stjórnarmenn voru sammála um að stærð þessa hluta húsnæðisins gæti hentað en nokkuð kostnaðarsamt yrði að ganga frá því þannig að viðunandi væri fyrir starfsemina. Ákveðið að Valbjörn myndi leggja fram hugmynd að leiguverði og að gert yrði gróft kostnaðarmat á forsendum þarfagreiningar félagsmálastjóra og fræðslustjóra.

#### 3. Málefni sambýlis.

Félagsmálastjóri fór yfir málefni og rekstur sambýlisins. Meðal annars kom fram að undanfarið hefur verið leitað leiða til að endurnýja bifreið sambýlisins sem er sameign vistmanna þar. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að styrkja bílakaupin um 25% af endurnýjunarkostnaði.

#### 4. Starfshlutfall ráðgjafa

Félagsmálastjóri greindi frá því að ekki hafi enn verið samþykkt að Guðrún

Þorvaldsdóttir, iðjuþjálfari sem ráðin hafi verið til félagsfjónustunnar verði í hlutastarfi hjá HSB. Hins vegar hafi verið leitað samninga við Tr sem munu leiða af sér að hægt verði að innheimta kostnað vegna vinnu iðjuþjálfara á vegum heilsugæslunnar.

Starfsendurhæfing hafi sömuleiðis lýst áhuga á samstarfi um þjónustu.



Samþykkt að ráða Guðrínu Þorvaldsdóttur í 100% starf en leita eftir að HSB taki hluta af starfinu yfir en selja út vinnu iðjuþjálfra til hlutaðeigandi stofnana og mæta þannig hækkun starfshlutfalls.

### 5. Almenn um rekstur félagsþjónustunnar

Félagsmálastjóri fór yfir reksturinn almennt. Þungi hefur ekki aukist að marki á fjárhagsaðstoð en bæði málefni fatlaðra barnaverndarmál haf þyngst. Stjórnin ræddi reksturinn og hagræðingu í honum og ákvað að segja upp samningum um fastan bílkostnað sem hefur verið 200 km/mán. hjá yfirmönnum deilda.

### 6. Rekstur og viðhald fasteigna:

#### a) Sæborg, endurbætur á vatnslagnakerfi

Magnús lagði fram áætlun um kostnað við endurbætur á vatnslögnum í Sæborg og geindi frá ástandi lagnakerfisins samkvæmt úttekt sem gerð var af Grétari Grímssyni verkfræðingi VN.

Samþykkt að ráðast í endurbætur á hluta lagnakerfisins á þessu ári en leitast við að ljúka verkinu á því næsta.

#### b) Hnitbjörg staða endurbóta, frágangur eftir gluggaskipti og undirbúningur undir málun hússins

Magnús greindi frá stöðu málsins og kom m.a. fram að heildarkostnaður við gluggaskipti og fráganga á svölum í Hnitbjörgum er um 18 milljónir. Eftir sé þó að ganga frá aðkomu að svölum á neðri hæð hússins.

Fram kom að í vinnslu er úttekt á þeim möguleika að mála húsið og gera við múr fremur en að klæða það að utan. Gert er ráð fyrir að kostnaðarúttekt á þeim verkþætti verði lagður fram við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

#### c) Íbúðir að Ægisgrund, áfallin kostnaður við endurbætur og endurnýjun vatnslagna.

Magnús greindi frá því að endurnýjaðar hafi verið vatnslagnir í öllum íbúðum að Ægisgrund 2-8. Ástand þeirra hafi verið þannig að ekki hafi verið við unað og talsverð hætta á vatnstjóni þar sem lagnir hafi verið orðnar mjög lélegar. Kostnaður við verkið hafi numið tæpum þremur milljónum króna. Auk þessa hafi verið gengið frá þakkanti sem hafi átt að vinnast á síðasta ári. Heildarkostnaður við viðhald og endurbætur á íbúðunum er um 4,3 milljónir.



### 7. Dagvist aldraðra.

Héðinn gerði grein fyrir álitinu sínu um dagvist aldraðra og þeim athugunum sem gerðar hafa verið á dagvistarmálinu. Hann taldi Blönduósbæ hafa fullan hug á að koma á fót dagvist. Miklar umræður urðu um málið. Samþykkt að fela Héðni að kanna hvernig heilbrigðisstofnunin geti komið að dagvist og skoða rekstrarform nágrannasveitarfélaganna.

### 8. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.10

Héðinn Sigurðsson,

Auður Sigurðardóttir

Rafn Sigurbjörnsson,

Björn Magnússon

Magnús B. Jónsson